

Nefndasvið alþingis
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2021

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um þingsályktunartillögu um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum, 555. mál.

Embætti landlæknis fagnar tillögu um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum.

Í tillögunni er vísað til lýðheilsustefnu frá árinu 2016 sem er í gildi til ársins 2030 og bent á mikilvægi þess að uppfæra þá stefnu. Í því samhengi er vert að benda á þingsályktunartillögu um lýðheilsustefnu til ársins 2030 sem nýlega var sett fram þar sem leiðarljósið er að heilsuefling og forvarnir verði hluti af allri þjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Með henni er skerpt á hlutverki stjórnvalda og þá ekki síst heilbrigðiskerfisins hvað varðar heilsueflingu og forvarnir. Samanber skýringartexta tillögunnar er lögð áhersla á að þessari stefnu sé ekki ætlað að afnema eða taka við af stefnunni frá árinu 2016 heldur eigi þær að ganga í takt á þeirri vegferð að bæta lýðheilsu á Íslandi. Æskilegt er að horfa á þessar stefnur, heilbrigðisstefnu til ársins 2030 og aðrar viðeigandi stefnur á ólíkum málefnasviðum hins opinbera í heildarsamhengi m.t.t. lýðheilsu.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu eru þau verkefni og áherslur sem fjallað er um í þingsályktunartillögu um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum á sviði embættisins og því mikilvægt að það sé unnið í nánú samstarfi við embættið. Heildræn stefna sem tekur á betra aðgengi að hollustu og hreyfingu, minna aðgengi að óhollustu (óholl matvæli, drykkir, áfengi og tóbak), jákvæðri fræðslu í skólum, faglegri aðstoð og fleiri mikilvægum þáttum til að tryggja sem best heilsu landsmanna og minnka líkur á ýmsum langvinnum sjúkdómum er afar mikilvægt.

Embættið fagnar því að þingmenn vilji efla lýðheilsustarf enn frekar með auknum fjárheimildum til málaflokksins og til að mynda er enginn sérfræðingur starfandi sem sinnir heilsueflingu aldraðra. Er það mikilvægur málaflokkur þar sem hópurinn sem flokkast undir aldraða fer ört vaxandi og mikilvægt fyrir bæði lífsgæði einstaklinga og rekstur hins opinbera að vinna markvisst að því að fólk haldi heilsu og lífsgæðum sem lengst. Embættið fagnar einnig því að lagt sé til að auka fjárheimildir til rannsókna, þróunar og eflingar lýðheilsustarfs embættið sér aukna þörf á að gera ítarlegri rannsóknir á högum ákveðinna hópa eins og t.d. Íslendinga af erlendum uppruna og aldraða. Þá fagnar embættið sérstaklega tillögu um aukin fjárframlög til lýðheilsusjóðs en á síðustu árum hefur sú upphæð sem úthlutað hefur verið í lýðheilsusjóð farið minnkandi og er það miður. Það má rekja til þess að lögum nr. 47/2018 um breytingu á mörkuðum tekjum þar sem árlegt framlag í Lýðheilsusjóð verði ákveðið með fjárveitingu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum í stað laga um að 1% af áfengisgjaldi og 0,9% af brúttósölu tóbaks færi í Lýðheilsusjóð. Þessi breyting var skref afturábak í lýðheilsutengdum forvörnum.

Virðingarfyllt

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir,
sviðstjóri lýðheilsusviðs, Embætti landlæknis